

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði, fimmtudaginn 4. apríl 2013 kl 20:00

Mættir eru: Þorsteinn, Edda Kamilla, Óskar Þór, Kristlaug María, Þorgerður, Einar

Boðuð forföll: Guðrún, Sigurður.

Óskar setti fund númer 721 kl. 20:08.

1. Innsend bréf

- Dagsett 12. mars vegna Íþróttabings sem haldið verður 19. -20. apríl nk. á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Skila á kjörbréfum í síðasti lagi á morgun 5. apríl. Við eigum einn fulltrúa – Þorsteinn ætlar að fara.
- Dagsett 21. mars þinggerð 67. Ársþing KSÍ.
- Dagsett 26. mars . Fimleikabing sem haldið verður 4. maí í Reykjavík. Við eigum þrjá fulltrúa á þingið. Hafa á samband við þá sem stunda fimleika og bjóða þeim að sækja þingið. Bjóðast á til að borga fargjaldið suður fyrir fulltrúana.
- Dagsett 2. apríl. JSÍ þing sem haldið verður 13. apríl kl. 17:00 í húsnæði ÍSÍ. Við eigum rétt á einum fulltrúa á JSÍ, en ekki verið að stunda neitt júdó innan félagsins.
- Dagsett 2. apríl. Umsóknarfrestur í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ framlengdur til 15. apríl nk. Senda á umsókn vegna Stefnumótunarvinnu UMSE.
- Dagsett 4. apríl. Framboðsfrestur til varastjórnar ÍSÍ framlengdur til 10. apríl.
- Dagsett 4. apríl. Vorfundur UMFÍ verður haldinn 11. maí á Húsavík. Þorsteinn óskar eftir því að fara á þennan fund, Óskar hyggst einnig fara.

2. Styrkumsóknir

Engar styrkumsóknir hafa borist.

3. Ársþingið

Innan við 50% mæting á ársþingið og 75-80% þingfulltrúa að koma í fyrsta sinn.
Gekk mjög vel og fljótt fyrir sig, lítið af umræðum á þinginu.

4. Dagskrá starfársins.

Ákveðið að stjórnarfundir verði alltaf fyrsta fimmtudag hvers mánaðar þannig að næsti fundur verði 2. maí og síðan annar fundur 23. maí. Einnig að setja niður grófa dagskrá hvernig starfsárið verði.

5. Nefndarstörf.

Þurfum að fara virkja nokkrar nefndir. Ákveðið var í samráði við starfandi bridgenefnd að leggja þá nefnd niður, leita frekar til þeirra sem að starfa í brigðe á svæðinu ef á þarf að halda.
Koma þarf í gang undirbúningsnefnd sem fyrst bæði fyrir stóra Landsmótið og Unglingalandsmótið. Þorsteinn og Óskar eru tilbúnir að starfa í og með báðum nefndum, finna þarf fleiri til að starfa í nefndunum jafnvel einhverja „gamla, góða reynslubolta“.
Senda á póst á aðildarfélögin og óska eftir tilnefningum á aðilum til að starfa í eftirfarandi nefndum, knattspyrnunefnd, frjálsíþróttanefnd, badmintonnefnd, borðtennisnefnd, unglíngalandsmótsnefnd, landsmótsnefnd, sundnefnd, hestaíþróttanefnd.

6. Starfsskýrsluskil

Skil á starfsskýrslunum á Felix er til 15. apríl nk.

7. Stefnumótun – frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál.

- Bréf frá gjaldkera UMFÍ – þar sem að hann segir sína hlið á breytingum í framkvæmdarstjórn UMFÍ.
- Óskar leggur til að stjórn setji sér það markmið að heimsækja aðildarfélög sín, kynnast starfi þeirra og heimabyggð.
- Ánægjuvogin – aðeins farið yfir ánægjuvogina. UMSE lítur vel út í samanburði við landsmeðaltal í rannsókninni.

Næsti fundur ákveðinn 2. maí 2013 kl. 20:00

Óskar sleit fundi kl. 22:27.

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður